

Fundur stjórnar FMR 10. júní 2021 kl. 17:00-18:00

Mætt: Áslaug Kristjánsdóttir, Bryndís Kristjánsdóttir, Gylfi Magnússon, Gylfi Zoega, Sigríður Hermannsdóttir og Thor Aspelund.

Rektor fór yfir hvernig nýafstaðið skólaár hefði gengið. Kom m.a. fram að allir í 6. bekk hefðu náð stúdentsprófi. Nokkuð fall hefði verið í 4. bekk í einstökum fögum og meira en vanalega. Til að koma til móts við þá nemendur standi þeim til boða námskeið síðsumars. Þá hefði eitthvað fall verið í 5. Bekk. Almennt væru nemendur að standa sig vel þrátt fyrir krefjandi vetur.

Umsóknir um skólavist fyrir næsta skólaár liggja nú fyrir. Kom fram hjá rektor að góð aðsókn væri að skólanum eins og verið hefur. Vegna persónuverndar hafa framhaldsskólar ekki fengið einkunnir beint úr grunnskólum og því fyrirséð að eitthvað muni dragast að samþykki umsóknir.

Þá fór rektor yfir að nokkrar breytingar yrðu á kennarahópnum á næsta skólaári.

Húsnæðismál voru rædd. Sem fyrr lýstu fundarmenn yfir áhyggjum af óviðundandi húsnæðisaðstöðu fyrir bæði nemendur og kennara.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir.

Fundargerð ritaði Bryndís Kristjánsdóttir